



Landssamband æskulýðsfélaga

Fulltrúaráðsfundur LÆF

Haldin í Hinu Húsinu 10. nóvember 2009
frá kl. 19:00-21:00

Mættir voru: Andrea Elín Vilhjálmisdóttir SÍF (AEV), Teitur Helgason AIESEC (TH), Sabine Leskopf AUS (SL), Sema Erla Serdar UJ (SES), Ágústa Óska Aronsdóttir URKÍ (ÁÓA), Sigurður Ingimarsson BUH (SI), Snærós Sindradóttir UVG (SS) og Sigurbjörg Helga Sigurgerisdóttir IOGT-U (SHS), Sindri Snær Einarsson varaformaður LÆF (SSE), Auður Geirsdóttir gjaldkeri LÆF (AuG) og Unnur Hjálmaradóttir formaður LÆF (UH). Auk þess sat fundinn Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri LÆF (HTF).

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Fulltrúar boðnir velkomnir
Auður Geirsdóttir, gjaldkeri LÆF
 2. Starfsemi LÆF og stefnumörkun
Unnur Hjálmaradóttir, formaður LÆF
 3. Opin dagur LÆF
Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, framkvæmdastjóri LÆF
 4. Stefna í æskulýðsmálum og Þing unga fólksins
Unnur Hjálmaradóttir og Auður Geirsdóttir
 5. Niðurskurður í æskulýðsmálum
Sindri Snær Einarsson, varaformaður LÆF
 6. Umræður og önnur mál
-
1. Auður Geirsdóttir gjaldkeri LÆF bauð fundargesti velkomna og bað þá að kynna sig með nafni og frá hvað félagi þeir kæmu. Farið var hringinn og allir kynntu sig.
 2. Unnur Hjálmaradóttir formaður LÆF fór stuttlega yfir hlutverk fulltrúaráðs og sagði síðar frá starfi LÆF frá síðasta sambandsþingi. Auk þess fór hún í gegnum þá stefnu sem stjórn LÆF mótaði sér á haustdögum. Sjá má nánar um þessi mál í viðauka I.

TH spurði um það markmið LÆF að taka þátt í að settur verði lagarammi um frjáls félagasamtök. HTF sagði frá því að enginn lagarammi væri til um frjáls félagasamtök eða starfsemi þeirra hér á landi og væri því í dómsmálum dæmt eftir fordæmum, lögum um hlutafélög og samþykktum og reglum samtakanna sem umræðir. Einnig sagði hún

stuttlega frá starfsemi samtakanna Almannaheilla sem hafa þrýst á stjórnvöld að lagarammi verði settur um félagasamtök á Íslandi.
SL sagðist vera jákvæði í garð lagaramma um frjáls félagasamtök.

SI spurði hver ákvæði hver fengi úthlutað úr Æskulýðssjóði. SSE svaraði að það væri stjórn Æskulýðssjóðs en formaður hennar er jafnframt formaður Æskulýðsráðs. Hann sagði frá því að LÆF væri óánægt með hvernig væri staðið að úthlutunum úr sjóðunum og vildi sjá breytingar þar á.

SSE sagði frá markmiðinu í stefnu LÆF um að auka samskipti við ungmennaráð sveitafélaganna. Enginn samskipti væru nú á milli og það væri vilji LÆF að ná til þessa hóps ungs fólks enda hafa sveitafélög mikið með málefni ungs fólks að gera í sinni heimabyggð.

SI spurði um stöðu æskulýðsmála út á landi. HTF svaraði því til að það væri mjög misjafnt enda þessi mál á höndum sveitafélaganna. Sum sveitafélög stæðu sig með þrýði önnur alls ekki.

SSE sagði frá því að LÆF og SÍF hefðu skilað sameiginlega inn tillögum til stýrihóps um Sóknaráætlun 20/20, sem ríkistjórnin sendur fyrir, um aðkomu ungs fólks að gerð áætlunarinnar. Var leitað til LÆF og SÍF að koma með tillögur og vel var tekið í þær þó ekki sé búið að taka þær formlega fyrir.

SI benti á að mikilvægt væri að veita æskulýðssjóði aðhald við úthlutanir.

SES spurði hvort LÆF tæki þátt í Norðurlandþingi æskunnar. HTF svaraði að LÆF hefði ekki gert það hingað til og ekki væri vissa hvort LÆF ætti seturétt á þinginu. SES benti á að sambærileg félög á Norðurlöndum sætu þessi þing.

TH spurði um gildi alþjóðastarfs LÆF fyrir aðildarfélög. HTF svaraði því að það væri fyrst og fremst fólgið í þeim hugmyndum sem kviknuðu og menn fréttu af í starfi sínu erlendis. Auk þess væri öðru hverju aðildarfélögum boðið að taka þátt í námskeiðum, ráðstefnum og fundum erlendis sem gætu nýst þeim. Í þriðja lagi sækti LÆF ýmissa þekkingu í málum ungs fólks erlendis og skapaði sér tengslanet sem oft nýtist til að afla upplýsinga og fá aðstoð við málefni LÆF.

UH spurði fundarmenn hvort þeim þætti sú fyrirhöfn sem LÆF setti í alþjóðstarf vera þess virði. Jákvæð viðbrögð komu við því.

UH lagði hlutverk og markmið LÆF til atkvæðagreiðslu og var samþykkt samhljóða. Hlutverk og markmið má sjá í Viðauka I.

- HTF sagði frá hugmynd um að LÆF stæði fyrir opnum degi þar sem aðildarfélög gætu kynnt starfsemi sína. Nánar um útfærsluna má sjá í Viðauka II. Undirtektir að þessari hugmynd voru jákvæðar.

SL benti á að passa tímasetninguna svo þetta rækist ekki á við Útrás Hins Hússins.

UH beindi því til aðildarfélaga að áhugsamir einstaklingar innan þeirra væri velkomið að koma að undirbúningi.

SL spurði hvort ætti að einblína á kynningu sem beint væri að ungu fólki eða ráðamönnum á degi sem þessum. UH svaraði að hugmyndin væri að það væri í höndum félaganna sjálfra hvora leiðina þau vildu fara.

SS spurði hvort þetta væri vettvangur fyrir ungliðahreyfingar stjórnmalaflokkanna. HTF svaraði því að svo væri, hugmyndin væri að kynna starfsemi félaganna og sýna fram á þátttöku og virkni ungs fólks.

Ákveðið var að LÆF myndi halda áfram að undirbúa þetta verkefni og það yrði gert með góðum fyrirvara.

4. UH sagði frá þeirri hugmynd að LÆF myndi þrýsta á stjórnvöld að gerð yrði heildarstefna í æskulýðsmálum hér á landi og AuG sagði frá því að hugmynd hefði komið upp að nýta nafnið Þing unga fólksins og efna til þings/ráðstefnu þar sem saman kæmi hópur ungs fólks úr öllum áttum og ræddi um stefnu í æskulýðsmálum. Sjá nánar í Viðauka III

SS spurði hvort öll æskulýðsfélög ættu þá að koma með ályktanir og var því svarað að öll félög ættu að ræða sínar áherslur og að hugmyndin væri að þingið/ráðstefnan skilaði af sér sameiginlegri niðurstöðu helst í formi æskulýðsstefnu ungs fólks.

SI spurði hvort trúmál kæmu hér inn. Nokkur umræða skapaðist um það og var niðurstaðan sú að líklegast væru trúmál ekki sérstaklega tekin fyrir en nauðsynlegt væri að skoða alla hluti er varða ungt fólk þegar rætt er um heildarstefnu í æskulýðsmálum.

SSE benti á að þetta ætti að vera góður vettvangur fyrir æskulýðsfélög að vinna saman og spurði hvort fundarmenn hefðu hugsað þetta eitthvað eða þeirra félög og hvort þarft væri að setja stefnu í æskulýðsmálum og búa til vettvang fyrir öll æskulýðsfélög að ræða um þá stefnu. Jákvæð viðbrögð voru við því.

SSE fjallaði um úthlutnari af fjárlögum til æskulýðsmála og hvað það gæti auðveldað vinnu við fjárlög ef til væri stefna í málaflokknum. Hann benti á að fjárlagafrumvarpið sem nú liggur fyrir gæfi ekki til kynna að unnið yrði með aldurshópinum 16-25 ára sem er í hvað mestir hættu í efnahagsþrengingum.

SL tók undir það og benti á stöðu innflytjenda og hvað lítið er gert í málefnum ungra innflytjenda.

SI spurði hvort LÆF hefði skoðað tölfræði sem sýndi hversu mikið af ungu fólki hefði flutt úr landi. HTF sagði að LÆF hefði ekki skoðað þær tölur sérstaklega en ætti að gera það. LÆF hefði hins vegar fylgst vel með atvinnuleysistölum.

UH benti á að í rannsóknum sem gerðar eru um hagi ungs fólks þá nái þær eingöngu til 20 ára aldurs eða þar til framhaldsskóla líkur. Engar sérstakar rannsóknir eru til á högum ungs fólks á aldrinum 20-30 ára. Sá aldurshópur fellur hreinlega inn í almennar rannsóknir og mætti gera bót þar á.

SS spurði hvenær hugmynd væri að halda Þing unga fólks. HTF sagði að hugmyndin væri að gera það í apríl þó ekkert væri fast sett enn. SS benti á að sveitastjórnakosningar væru í maí og þá væri mikið að gera í ungliðahreyfingum stjórnmalaflokkanna. HTF sagði að

reynt yrði að taka tillit til allra við val á dagsetningu og að kannski væri vettvangur að ræða þetta mál einmitt í aðdraganda kosninga.

TH benti á að mikilvægt væri að viðburðir sem þessir væru tilkynntir með löngum fyrirvara til aðildarfélaga. HTF, UH, SSE og AuG tóku undir það og stefna á að tilkynna dagsetningu eigi síðar en um miðjan janúar 2010.

5. SSE fór yfir þann niðurskurð sem blasir við í málaflokknum Æskulýðsmál í fjárlagafrumvarpi ársins 2010. Í máli hans kom fram að málaflokkurinn hafi verið skorin niður um 6,5% árið 2009 og nú stæði hann frammi fyrir tæplega 12% niðurskurði. Þar af væri liðurinn Æskulýðsmál skorðin mest niður eða um 35% og Æskulýðssjóður um tæp 15%.

SI benti á að með þessu fjárlagafrumvarpi og þeim ramma sem unnið er eftir við gerð þess er enginn möguleiki fyrir fjármagni vegna nýsköpunar í æskulýðsmálum.

ÁÓA varpaði fram spurningunni hvers vegna væri skorið niður mest hjá þeim sem minnst fengu?

SSE kynnti hugmynd þess efnis að LÆF héldi opin fund þar sem ungt fólk og æskulýðsfélög væru saman komin til að ræða áhuga- og andavarleysi stjórnvalda í æskulýðsmálum. Fundurinn myndi skila af sér niðurstöðu sem breiður hópur ungs fólks stæði á bakvið. Jákvæð viðbrögð voru við þessari hugmynd. Sjá nánar um hana í Viðauka V.

SSE lagði fram hugmynd um að fulltrúaráðsfundur LÆF skilaði af sér ályktun um þessi mál. Ákveðið að stjórn LÆF myndi gera uppkast að ályktun og senda á fundarmenn til yfirlestur, breytinga og samþykktar.

Umræða skapaðist um styrktarsjóð til handa ungu fólki og æskulýðsfélögum í ljósi þess mikla niðurskurðar sem blasir við í Æskulýðssjóði. SSE benti á að mikilvægt væri að stækka þessa styrktarsjóði til handa ungu fólki og æskulýðsfélögum, skýra reglur um þá og horfa á þá sem tæki til að tækla aðgerða- og atvinnuleysis ungs fólks.

6. Umræður og önnur mál

- a. TH spurði hvenær mætti eiga von á síst yrði hægt að ná í LÆF í desember sökum prófa stjórnar og starfsmanns. HTF svaraði að það yrði líklega í kringum 4.-8. desember og svo frá 20. desember fram að áramótum en þá yrði líklega lokað á skrifstofu LÆF vegna jólaleyfis. HTF benti á að hún kíkta reglulega á tölvupóstinn og tæki símann ef málefni væru brýn.
- b. HTF spurði hvernig aðildarfélög tækju í það að LÆF sendi út spurningakönnun til þeirra þar sem spurt yrði um viðhorf aðildarfélaga til LÆF og hvað aðildarfélög vildu sjá LÆF gera. Jákvæð viðbrögð voru við þessu.

Fleira var ekki gert á fundinum.

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz

framkvæmdastjóri LÆF

Viðauki I

Starfsemi og stefnumótun LÆF

Starfsemi LÆF 2009

Á árinu 2009 hefur mikið líf færst í starfsemi LÆF. Ný stjórn var kjörin í félagið á sambandsþingi í maí og voru kjörin í stjórn: Unnur Hjálmarsdóttir frá URKÍ formaður, Sindri Snær Einarsson frá SÍF varaformaður, Rakel Brynjólfssdóttir frá KSH ritari og Arnþór Gíslason frá SHÍ alþjóðafulltrúi. Enginn bauð sig fram í stöðu gjaldkera og var stjórn falið að leita eftir gjaldkera. Í júní gekk því Auður Geirsdóttir frá BÍSN til liðs við stjórnina sem gjaldkeri. Eftir að ný stjórn tók til starfa lagðist LÆF í sjálfsskoðun og ákveðið var að forgangsraða verkefnum og ákveða hvernig félagið ætlaði að starfa. Nánar er hægt að lesa um þessa vinnu hér að neðan.

Auk stefnumótunarvinnunar hefur nokkuð líf færst í námskeiðahald félagsins. Í mars var haldið námskeið í sálrænum stuðningi og í október var haldið námskeið í almannatengslum. Auk þess var á haustdögum haldin fyrirlestur um lagaumhverfi félagasamtaka og á döfinni í nóvember er námskeið í framkomu. Öll námskeið og fyrirlestrar á vegum LÆF eru aðildarfélögum að kosnaðarlausu.

Hvað varðar verkefni þá tekur LÆF nú þátt í sameiginlegu verkefni European Youth Forum og sjö aðildarfélaga þess um atvinnumál ungs fólks. Tengiliður LÆF við það verkefni er Sindri Snær Einarsson varaformaður. Auk þess er LÆF nú að vinna að því að móta verkefni um óformlega menntun þar sem fókusnum verður beint að atvinnurekendum annars vegar og ungu fólki hins vegar. Verkefnið er enn í mótun.

LÆF hefur verið virkt í alþjóðastarfi, þá helst á vegum European Youth Forum (YFJ). Tveir voru tilnefndir í vinnuhópa stjórnar YFJ fyrr á árinu en komust því miður ekki að. Sóttir hafa verið 5 fundir og námskeið á vegum YFJ auk þess sem fulltrúar frá LÆF hafa sótt tvær ráðstefnu er varða ungt fólk á vegum formennsku Tékkka í Evrópusambandinu og eina á vegum formennsku Svía. Fulltrúa frá LÆF sóttu einnig ráðstefnu Evrópusambandsins um heilbrigði ungs fólks og undirbúningsfund vegna loftlagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í desember 2009. Auk þess sóttu framkvæmdastjóri og þáverandi alþjóðafulltrúi samráðsfund Norðurlandanna og Eistrasaltsríkjanna í apríl á þessu ári. Einnig kom LÆF að skipulagi ráðstefnu á vegum Menntamálaráðuneytis, YFJ og Evrópuráðsins um fjölmiðlun sem haldin var í Reykjavík í maí.

Eitt af forgangsverkefnum LÆF er að bæta samskipti við stjórnvöld og kynna félagið meðal ráðamanna landsins. Fundað hefur verið með menntamálaráðherra, formanni æskulýðsráðs, formanni nefndar um sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar, menntamálanefnd alþingis og starfsmönnum menntamálaráðuneytis. LÆF hefur á þessum fundum fest sig betur í sessi meðal ráðamanna sem öflugt hagsmunafélag ungs fólks á Íslandi. Á öllum fundum var rætt um mikilvægi æskulýðsstarf í landinu.

Stefnumörkun LÆF

Stjórn kom saman í lok ágúst og setti fram hlutverk og markmið LÆF til að vinna eftir. Hér á eftir má sjá hvaða fjögur hlutverk stjórn LÆF telur að félagið eigi að sinna auk þeirra

markmiða sem stjórnin setti sér. Auk þess listaði stjórn niðu forgangsverkefni við hvert markmið. Strax að loknum samþykktum þessara hlutverka og markmiða hófst vinna eftir þessum ákvörðunum.

Stjórn LÆF telur að hlutverk félagsins ættu að vera eftirfarandi:

Hlutverk	Markmið
<i>Vera virkt hagsmunafélag ungs fólks á Íslandi</i>	<ul style="list-style-type: none"> a. Þrýsta á að gerð verð stefna í æskulýðsmálum á Íslandi. b. Þrýsta á að settur verðir lagarammi um frjáls félagasamtök. c. Stuðla að vitundavakningu um mikilvægi æskulýðsstarfs. d. Tryggja rekstargrundvöll félagsins
<i>Veita framúrskarandi þjónusta við aðildarfélög og almenning</i>	<ul style="list-style-type: none"> a. Að efla kynningastarf félags. b. Efla þátttöku aðildarfélaga innan LÆF c. Efla þjónustu við aðildarfélög. d. Viðhalda og koma á tengslum við önnur æskulýðs- og mannréttindasamtök.
<i>Vera tengiliður æskulýðsfélaga og stjórnvalda</i>	<ul style="list-style-type: none"> a. Skapa góð tengsl við Æskulýðsráð. b. Skapa og viðhalda góðum tengslum við Menntamálaráðuneyti. c. Skapa tengsl við ungmennaráðs sveitafélaganna.
<i>Vera virkur þátttakandi í alþjóðastarfi</i>	<ul style="list-style-type: none"> a. Að vera sýnileg í alþjóðastarfi. b. Taka virkarði þátt í starfi Evrópska æskulýðsvettvangsins (European Youth Forum). c. Vera virkur þátttakandi í samstarfi Norðurlandanna og Eistrasaltsríkjanna d. Upplýsa aðildarfélög um tækifæri og ráðstefnur erlendis. e. Vera upplýst um ungmennastefnur Evrópsambandsins, Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna.

Viðauki II

Opin dagur LÆF og aðildarfélaga

Hugmynd og útfærsla

LÆF hefur hug á því að halda svokallaðan opin dag LÆF og aðildarfélaga þess. Hugmyndin kemur frá European Youth Forum sem heldur dag sem þennan reglulega. Á degi sem þessum myndu öll aðildarfélög LÆF fá tækifæri til að kynna verkefni sín auk þess sem LÆF myndi kynna starfsemi sína. Hlutverk aðildarfélaga er eingöngu að sækja um að fá að vera með og útfæra kynningu sína. Hlutverk LÆF væri að skipuleggja viðburðinn í heild sinni, auglýsa hann og tryggja komu t.d. menntamálaráðherra, lykil þingmanna í málafloknum, æskulýðsráðs og fjölmiðla.

Viðburðu sem þessi myndi standa yfir í um það bil tvær klukkustundur og yrði öllum opin.

Tilgangur

Tilgangur opin dags sem þessa er að kynna ráðamönnum, fjölmiðlum, ungu fólki, almenningi og hvert öðru hvað æskulýðsfélög hafa upp á bjóða, hvað þau geta gert til að viðhalda virkni ungs fólks í atvinnu- og aðgerðaleysi og hvaða reynslu og þekkingu ungt fólk öðlast við þátttöku í æskulýðsfélögum.

Kynna hvað?

Aðildarfélögum yrði í sjálfvald sett hvað þau kynna, hvort sem það er félagið í heild, ákveðin verkefni eða annað sem þeim kemur í hug. Hafa verður þó í huga að hugmyndin er fyrst og fremst að kynna hvernig aðildarfélög geta viðhaldið virkni ungs fólks með verkefnum og gefið ungu fólki þekkingu og reynslu í gegnum óformlega menntun.

Annað

Við hvetjum aðildarfélög okkar til að gera upp hug sinn hvort þau hefðu áhuga á að taka þátt í viðburði sem þessum og ef svo er að byrja að leggja höfuðið í bleyti hvernig þau vildu standa að kynningu sinni. Við hvetjum einnig aðildarfélög til að senda LÆF línu ef þau hafa ákveðnar hugmyndir um hvernig er hægt að standa að degi sem þessum og/eða einhver aðili innan félagsins hefur áhuga á að taka þátt í undirbúningi.

Viðauki III

Stefna í æskulýðsmálum og Þing unga fólksins

Eitt af markmiðum LÆF er að þrýsta á íslensk stjórnvöld að gerð verði heildarstefna í æskulýðsmálum hér á landi. LÆF telur brýnt að stjórnvöld móti sér stefnu í þessum málaflokki og að sú stefna nái yfir alla málaflokka er varða ungt fólk. Mikilvægt er að stjórnvöld geri sér grein fyrir þeim auði sem felst í ungu fólki og hann sé nýttur til hins besta bæði á vettvangi stjórn mála sem og annarr staðar í þjóðfélaginu.

Æskulýðsstefnur er að finna í mörgum Evrópulöndum sem við miðum okkur við. Þær hafa þegar nýst í að auka þátttöku ungs fólks í samfélaginu sem og til vitundavakningar hjá ungu fólki. LÆF hefur kynnt þessa hugmynd fyrir menntamálaráðherra, starfsmönnum menntamálaráðuneytis og þingmönnum og mun halda áfram að kynna hugmyndina á næstuni. LÆF er þessa daganna að móta sér hugmyndir um hvað það vill sjá í æskulýðsstefnu. Auk þess vill félagið að sem flest æskulýðsfélög og ungt fólk komið að mótun æskulýðsstefnu sem þessarar. Einn vettvangur til þess er að nýta hugmyndina um Þing unga fólksins til að draga fram umræðu um þetta mál meðal ungs fólks.

Eins og margir kannast við þá stóð LÆF nokkrum sinnum fyrir verkefni undir heitinu Þing unga fólksins þar sem saman komu ungliðarhreyfingar stjórn málaflokkanna og gerðu eftirmynd af Alþingi. Upp hefur komið sú hugmynd innan LÆF að standa fyrir Þingi unga fólksins með nýju sniði. Á þinginu fengju öll æskulýðsfélög og áhugasamt ungt fólk tækifæri á að taka þátt. Markmiðið væri að vekja upp umræðu um málefni er snerta ungt fólk og ræða hugmyndir að æskulýðsstefnu fyrir Ísland. Útkoma þingsins ætti því að gefa góða vísbendingu um hvaða áherslur ungt fólk myndi vilja sjá í stefnu í æskulýðsmálum. Stefnt væri að því að sem flest ungt fólk kæmi að þinginu. Ef til tekst ætti niðurstaðan af þinginu að sýna stjórnvöldum fram á breiða samstöðu meðal ungs fólks í sínum málaflokki.

Viðauki IV

Niðurskurður í æskulýðsmálum

Fjárlög

LÆF fylgist vel með þróun á fjárlögum fyrir árið 2010. Nú er annað árið í röð sem skorið er niður í málaflöknum. Hugmyndin er sú að á fundinum förum við í gegnum málflokkinn í heild og ræðum hvar og hvernig okkur finnst stuðningur við æskulýðsstarf að hálfu stjórnvalda ætti að koma inn í fjárlög. Markmiðið er að fundurinn vinni álit í þessu máli sem komið verður á framfæri við fjölmiðla og þingmenn að fundi loknum.

LÆF telur afar mikilvægt að vekja athygli þingmanna á æskulýðsmálum og vill hvetja þá til að hugsa stuðning við málaflökinn frá grunni. Í þessu ljósi teljum við mikilvægt að vekja upp umræðu á málaflöknum við aðildarfélög okkar og leggja til sameiginlegt álit sem hægt er að styðjast við þegar kemur að umræðu um fjárlög.

Viðauki V

Stefnumót ungs fólks

Hugmynd

Hugmynd að LÆF og Æskulýðsvettvangurinn standi saman fyrir opnum fundi meðal ungs fólks. Tílefni fundarins er andvara- og áhugaleysi stjórnmalamanna á málefnum ungs fólks. Á fundinum myndu fundarmenn ræða þessi mál og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Uppbygging

Fundurinn tæki um 2 klst. Í upphafi væru 2-4 erindi frá óháðum aðilum. Hugmynd t.d. um Agnar Jón Egilsson leikara og fyrrum umsjónarmanns Austurbæjarbíós og Þórólf Þórlindsson rannsakenda. Eftir erindin myndu verða umræður, stjórnaðar af röggsumum fundarstjóra. Niðurstöður fundarins væru síðan sendar til alþingismanna, ráðherra, æskulýðsráðs og fjölmiðla til að vekja athygli á því hver staðan er og þess andavaraleysis sem ríkir í þessum málaflokki.

Niðurstöðurnar geta verið í tvennu formi, annað hvort hefbundanr niðurstöður eða ályktun frá fundinum. Ef eingöngu verða um niðurstöður að ræða myndum við hvetja önnur æskulýðssfélög til að álykta út frá niðurstöðum fundarins.

Hverjir koma?

Öllum æskulýðsfélögum og ungu fólki er boðið til fundarins. Auk þess munum við reyna að tryggja að menntamálaráðherra mæti. Auk þess verður æskulýðsráð boðað til fundarins og þingmönnum. Spurning um að bjóða einnig bæði heilbrigðis og félagsmálaráðherra.

Fjármögnun

Fjármögnun mun fyrst og fremst felast í fundarsal og kaffi. LÆF mun leggja fram vinnuframlag. Ef við leggjum upp með góða og úthugaða hugmynd er mjög líklegt að ráðuneytið styðji okkur í þessu starfi.

Timi

Lagt til að fundurinn verði t.d. miðvikudaginn 25. nóvember kl. 16:00.

Annað

Finna þarf öflugan og röggsuman fundarstjóra auk fundarritara.